Ed. **482. Frumvarp til laga** [228. mál]

um breyting á lögum um fiskvinnsluskóla, nr. 55 15. apríl 1971.

Flm.: Steingrímur Hermannsson, Halldór Kristjánsson.

1. gr.

6. gr. laganna orðist þannig:

Skólinn skal staðsettur á Ísafirði. Auk þess skal stofnaður fiskvinnsluskóli í Vestmannaeyjum, sem útskrifi fiskiðnaðarmenn og fiskvinnslumeistara samkvæmt 1. og 2. tölulið 2. gr., og skal námi við skólann skipt í þrjár deildir, sbr. 1.—3. tölulið 10. gr.

Á árunum 1972—75 skal enn fremur undirbúa stofnun fiskvinnsluskóla 1. og 2. stigs á Suðurnesjum, Akranesi og í stærstu fiskiðnaðarstöðum í öðrum landshlutum.

Heimilt skal, að fengnu samþykki ráðuneytisins, að setja á stofn framhaldsdeildir við skólana utan Ísafjarðar, sbr. 4. gr., þegar skilyrði eru fyrir hendi.

Ráðuneytið skipar hverjum skóla þriggja manna skólanefnd til fjögurra ára í senn. Skal einn þeirra tilnefndur af Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, annar af samtökum fiskiðnaðarins á hverjum stað, en hinn þriðja skipar ráðuneytið án tilnefningar, og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Lög þessi gilda um fiskvinnsluskóla utan Ísafjarðar, að því er varðar greiðslu kostnaðar og annað, sem við getur átt að dómi ráðuneytisins og afmarkað skal í reglugerð.

2. gr.

Á eftir 9. gr. laganna bætist ný grein (10. gr.), sem komi á undan III. kafla, þannig:

Ríkið kemur upp hentugu kennslu- og heimavistarhúsnæði á Ísafirði fyrir fiskvinnsluskólann.

3. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, þannig:

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar til komið hefur verið upp nauðsynlegri aðstöðu á Ísafirði fyrir fiskvinnsluskólann, er heimilt að starfrækja hann í Reykjavík.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í málefnasamningi ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar frá 14. júlí 1971 segir: „Stefnt verði að því, að ríkisstofnunum verði valinn staður úti um land meir en nú er gert."

Á undanförnum árum hefur skilningur mjög aukizt á nauðsyn þessarar þróunar. Mönnum verður ljósara með hverjum degi, að sú þróun er hættuleg þjóðinni allri, að í Reykjavík safnist saman nálægt því allar opinberar stofnanir. Hins vegar er mönnum jafnframt ljóst, að það er í mörgum tilfellum miklum erfiðleikum bundið að flytja ríkisstofnanir frá Reykjavík. Það hlýtur að verða langtímaþróun, og hvert einstakt tilfelli ber að skoða vandlega.

Norðmenn gerðu fyrir nokkrum árum ýtarlega athugun á þessu hjá sér. Þeir vildu flytja ríkisstofnanir frá Osló. Í fáum orðum varð það niðurstaða nefndar, sem málið kannaði, að sérstaklega væri það miklum erfiðleikum háð að tvístra opinberum þjónustustofnunum ríkisins og þeim öðrum stofnunum þess, sem mikil innbyrðis samskipti þurfa að hafa og þurfa helzt að vera nálægt ráðuneytum, ríkisstjórn og þingi. Aftur á móti taldi nefndin stórum auðveldara að staðsetja skóla víða um landið og í mörgum tilfellum hagkvæmt.

Fiskvinnsluskóli var stofnaður með lögum, sem samþykkt voru á Alþingi 2. apríl 1971. Hér er því um nýja stofnun að ræða, sem enn hefur ekki fest rætur.

Lögin voru afgreidd á allra síðustu dögum þingsins. Nokkrar umræður urðu um staðsetningu skólans, og gerðar voru á 6. gr. þær breytingar, að skólanum var ákveðinn staður á Suðvesturlandi í stað Reykjavíkur. Hins vegar var tími hvergi nærri nægur til þess að kanna það mál til hlítar. Meðal annars náðu áskoranir utan af landi ekki eyrum alþingismanna vegna hins nauma tíma, sem var til afgreiðslu málsins. Svo fór m. a. um ábendingu frá Akureyri og frá Ísafirði um staðsetningu skólans á Ísafirði.

Vestfirðirnir eru eitt mikilvægasta fiskvinnslusvæði landsins. Sjávarútvegur og fiskvinnsla eru þar að tiltölu mikilvægari atvinnugreinar en víðast annars staðar. Á Ísafirði eru einhver glæsilegustu frystihús landsins og fiskvinnsla fjölbreytt. Þar mundi fást hin hentugasta aðstaða til þjálfunar fyrir nemendur fiskvinnsluskólans.

Nú er að rísa á Ísafirði menntaskóli. Bygging skólahúsnæðis er hafin og aðsókn að skólanum mikil. Á Ísafirði er því að rísa menntamiðstöð Vestfjarða.

Með tilliti til þess, sem nú hefur verið rakið, virðist Ísafjörður vera kjörinn staður fyrir fiskvinnsluskóla. Auk þess eru kennarar við fiskvinnsluskólann mjög fáir enn sem komið er, og ætti það ekki að valda erfiðleikum, enda getur reynzt æskilegt að nýta betur t. d. kennslukrafta, sem eru þegar við hinn nýja menntaskóla.

Ljóst er, að hið opinbera verður að koma upp hentugu húsnæði fyrir hvern þann skóla, sem út á land flyzt, og heimavist verður einnig fljótlega nauðsynleg. Að því leyti er staðsetning skólans utan Reykjavíkur nokkru kostnaðarmeiri en almennt þarf að verða á höfuðborgarsvæðinu. Nauðsynlegt er að horfast í augu við þetta. Því er lagt til, að í lög um fiskvinnsluskóla verði bætt grein, sem taki af

allar efasemdir um þetta atriði og skuldbindi ríkið til þess að koma upp nauðsynlegri aðstöðu á Ísafirði. Engu að síður má vel vera, að við athugun komi í ljós, að unnt sé að staðsetja fiskvinnsluskólann til bráðabirgða í hinu nýja húsnæði menntaskólans. Þetta þarf að kanna.

Loks er lagt til, að bætt verði við lögin ákvæði til bráðabirgða þess efnis, að heimilt sé að starfrækja fiskvinnsluskólann í Reykjavík, þar til hentug aðstaða hefur fengizt á Ísafirði, því að nauðsynlegt er, að starfræksla skólans tefjist ekki af þessum sökum.

Að sjálfsögðu er gert ráð fyrir því, eins og í núgildandi lögum, að komið verði upp deildum skólans sem víðast um landið og sérstaklega í Vestmannaeyjum. Á þessu má engin breyting verða.

Eins og segir í upphafi þessarar greinargerðar, er flutningur opinberra stofnana langtímaþróun, og hvert einstakt tilfelli þarf að skoða vandlega. Hér er hins vegar um sérstætt mál að ræða, þar sem, eins og fyrr segir, fiskvinnsluskólinn er ný stofnun og hefur ekki fest rætur. Því telja flutningsmenn þessa frumvarps nauðsynlegt að hreyfa málinu nú þegar, áður en fiskvinnsluskólinn er orðinn það rótgróinn á höfuðborgarsvæðinu, að flutningar allir verða stórum erfiðari.